

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Úrvinnsla ábendinga úttektarnefndar borgarstjórnar

Frá síðustu kynningu á vinnu við úrvinnslu ábendinga úttektarnefndar borgarstjórnar skv. tillögum starfshóps um niðurstöður úttektarnefndar þann 16. febrúar sl. hefur nokkur vinna átt sér stað. Á þessum tímapunkti er þó ekki ástæða til að skýra frá vinnu við einstakar ábendingar sem átt hefur sér stað í formi bréfasendinga eða funda. Helst er að nefna tvennt. Annars vegar er úrvinnslu vegna tillagna starfshóps um niðurstöður úttektarnefndar lokið vegna ábendinga 12, 20 og 21 þar sem starfshópurinn lagði til að settar yrðu samræmdar reglur um skipun starfs- og stýrihópa, framsetningu og gerð erindisbréfa. Reglur um starfs- og stýrihópa voru samþykktar á fundi forsætisnefndar þann 13. mars sl.

Vegna ábendinga úttektarnefndar nr. 27 um eftirfylgni borgaryfirvalda með reglum og fyrirmælum og nr. 46 um styrkingu á hlutverki Innri endurskoðunar lagði starfshópurinn m.a. til vegna ábendingar 27 að það hlutverk innri endurskoðunar að gera úttekt hjá einstökum starfseiningum á styrkleika innra eftirlits verði styrkt. Þá lagði hann til vegna ábendingar 46 að endurskoðunaráætlanir innri endurskoðunar nái yfir 3-5 ár og taki til allra starfssviða fagsviða og Ráðhúss Reykjavíkur. Endurskoðunaráætlanir byggji á áhættugreiningu þar sem leitast er við að greina og forgangsráða verkefnum innri endurskoðunar.

Í framhaldi af fundi með Innri endurskoðun um viðfangsefnið í desember sl. óskaði Innri endurskoðun eftir mati ráðgjafafyrirtækisins Deloitte. Deloitte var annars vegar beðið um að gefa rökstutt álit á því hvert umfang Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar þurfi að lágmarki að vera hjá Reykjavíkurborg miðað við núverandi starfsramma auk þeirrar viðbótar sem ábendingar úttektarnefndar krefjast. Hins vegar að Deloitte gefi rökstutt álit á því hvert æskilegt umfang Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar ætti að vera. Innri endurskoðandi kynnti álit Deloitte fyrir borgarritara með hjálögðu bréfi dags. 9. mars sl.

Svavar Józefsson
verkefnastjóri stjórnsýslu- og gæðamála

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um umsjón með úrvinnslu upplýsinga, ábendinga og athugasemda úttektarnefndar

borgarstjórnar um stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar dags. 30. apríl 2014.
Reglur um starfs- og stýrihópa dags. 13. mars 2015.
Bréf innri endurskoðanda til borgarritara dags. 9. mars 2015.